

Ed.

119. Nefndarátt

um frv. til laga um kynbætur hesta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um það, að þórt sje á lögum um kynbætur hesta, og getur fallist á frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, að öðru en því, að í það

vantar ákvæði um, hvernig aflu skuli tekna til að standast kostnað þann, sem óhjákvæmilega leiðir af kynbótastarfseminni, svo sem leiga fyrir kynbótahesta, girðingakostnaður o. s. frv.

Þá telur nefndin einnig rjettara, að í lögnum sje ákvæði um þóknun fyrir starf hrossakynbótanefnda. Starf þeirra verður allviðfangsmikið, ef kynbótaviðleitnin á að vera annað en kák, og virðist órjettmætt að ætla mönnum að vinna það endurgjaldslaust.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með svofeldum

BREYTINGUM.

Á eftir 6. gr. komi ný grein þannig:

Hreppsskilafundur ákveður þóknun fyrir starf hrossakynbótanefndar.

Öllum kostnaði við hrossakynbæturnar jafnar nefndin niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári. Skulu eigendur folaldanna greiða gjald þetta árlega til hrossakynbótanefndar á þeim tíma, er hún tiltekur. Gjaldið má taka lögtaki.

Greinatala frumvarpsins breytist samkvæmt þessu, verður 7. gr. 8. gr. o. s. frv.

Alþingi, 8. mars 1926.

Eggert Pálsson,
form.

Ágúst Helgason,
skrifari og frsm.

Gunnar Ólafsson.